

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 360 28. júlí 1975, um niðurgreiðslu verðs á brennsluolíu til íslenskra fiskiskipa.

### 1. gr.

Í stað orðanna „kr. 24.20 pr. lítra“ í 2. mgr. a-liðar 3. gr., komi orðin: kr. 29.00 pr. lítra.

### 2. gr.

Síðasta málsgrein a-liðar 3. gr. hljóði svo: Miðað skal við, að uppgjör til olíufélaganna fari fram mánaðarlega, þó þannig að niðurgreiðslan verður aðeins greidd vegna eðlilegra viðskipta viðkomandi skips í umræddum mánuði.

### 3. gr.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi reglugerð nr. 503 26. nóvember 1975, um breyting á reglugerð nr. 360 28. júlí 1975, um niðurgreiðslu verðs á brennsluolíu til íslenskra fiskiskipa.

### 4. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. lögum nr. 55 27. maí 1975 um ráðstafanir í sjávarútvegi og um ráðstöfun gengishagnaðar til þess að öðlast gildi frá 1. janúar 1976 til 15. febrúar 1976, og birtist til eftirbreytni þeim er hlut eiga að máli.

Eftir 15. febrúar 1976 fellur jafnframt úr gildi reglugerð nr. 360 28. júlí 1975, um niðurgreiðslu verðs á brennsluolíu til íslenskra fiskiskipa.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 12. febrúar 1976.*

**Matthías Bjarnason.**

*Jón L. Arnalds.*

## ARÐSKRÁ

fyrir Veiðifélag Hvítár og Norðlingafljóts.

Bæjarnöfn	Einingar
Kaðalstaðir I .....	104
Kaðalstaðir II .....	104
Miðgarður .....	25
Brúarreykir .....	150
Síðumúlaveggir .....	81
Síðumúli .....	144
Fróðastaðir .....	103
Þorgautsstaðir .....	190
Háafell .....	213
Sámsstaðir .....	211
Haukagil .....	82
Hvammur .....	73
Kirkjuból .....	100
Bjarnastaðir .....	118